

1865.  
7. apríl.

aptur frá Íslandi. Það er líka að vorri hyggju haganlegast einkum vegna þess, að það er mjög svo áriðandi, að skipið fari beina leið til Íslands, ef það á að geta úorkað nokkru íslenzku fiskimönnunum í hag, þaræð nú er þegar orðið nokkuð áliðið.

29. apríl.

**29. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Ítalíu, sæu undanþegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja.**

Eptir samningi um siglingar og kaupverzlun, er gjörður var 1. dag maímánaðar f. á. millum konungsríkjanna Danmerkur og Ítalíu, sæta dönsk skip sömu kjörum og innlend skip um alla verzlunartolla og skipagjöld í hinu síðarnefnda konungsríki. Fyrir því eru skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Ítalíu, þá er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða aukagjald það, 2 rd. af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er með konungsrúskurði, dagsettum 1. dag aprílmánaðar 1856, sem birtur er með auglýsing frá dómsmálastjórninni, dagsettri 2. dag sama mánaðar.

Þetta kunngjörist hérmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni, 29. dag aprílmánaðar 1865.

Bræstrup.

Fr. Reinhardt.

8. maí.

**30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um jörðina Kirkjuból í Grunnavíkur hrepp.**

Í bréfi dómsmálastjórnarinnar dags. 26. maímán. 1860 er svo fyrir mælt, að jörðin Kirkjuból í Grunnavíkur hrepp í Ísafjarðar sýslu skuli lögð undir Barðastrandar og Álptafjarðar jarða umböð, og var skorað á yður, herra amtmáður, að gefa